

Könnun á aðlögun vor/haust 2015

20 svöruðu könnuninni af 27 eða 74%
7 Rauða lind 4 Græna lind 8 Bláa lind
Gula lind var ekki með ný börn í aðlögun einungis flutningsbörn

Hvernig voru fystu kynni ykkar af leikskólanum?

17 Mjög góð
3 Góð

Hvernig var tekið á móti barninu þínu?

16 Mjög vel
4 Vel

Hvernig var tekið á móti ykkur foreldrunum?

17 Mjög vel
3 Vel

Hvernig þótti ykkur tímalengdin fyrir aðlögunina vera?

18 Hæfileg
0 Of löng
2 Of stutt

Hvernig gekk aðlögun barnsins þíns?

14 Mjög vel
4 Vel
2 Þokkalega

Hvað gekk vel?

Allt gekk prýðilega.

Hvernig var tekið á móti okku. Aðlögunin sjálf og ég sé að barninu mínu líður vel.

Samvinna við kennara var góð.

Okkur fannst allt ganga vel og sáum fljótt að barninu leið vel og naut sín.

Allt gekk upp.

Sofna í fyrsta skipti, borða, leika.

Allt til fyrirmyndar.

Allt gekk voða vel, kemur úr öðrum leikskóla.

Að gefa barninu athygli og öryggi.

Honum fannst gaman að koma í nýja leikskólann. Gekk vel að vera einn og leyfa mömmu að fara.

Hann var mjög ánægður og er enn í dag mjög sáttur með nýja leikskólann.

Allt, hún kom af Bláu lind og var svo spennt að byrja á Rauðu að það var ekkert mál.

Allt gekk vel.

Þetta gekk allt nokkuð vel.

Veit ekki, gekk ágætleg.

Bara allt.

Hvað gekk ekki vel?

Það vantar meira skipulag um það hvaða starfsmaður ætti að vera með hvaða barn. Þau hefðu mátt skipta betur á milli sín börnum sem voru í aðlögun svo börnin gætu fengið að kynnast starfsfólkinu vel áður en aðlögunin væri búin. Annars var mjög vel tekið á móti okkur.

Vegna fjölda barna í aðlögun voru þau börn sem áttu að vera búin í aðlögun ekki alveg tilbúin og starfsfólk gat ekki einbeitt sér nóg að þeim börnum sem voru að byrja.

Að fara inn á Grænu lind í fyrsta skipti, kannski betra að hafa rennibrautina ekki beint fyrir framan.

Mæting á deildina var ekki góð.

Barnið grét alltaf þegar hann var skilinn eftir.

Fannst barnið ekki ná að tengjast starfsmanni sem sé um aðlögun barns fyrstu daga og starfsmaður ekki sýna barni þann áhuga sem það þurfti fyrstu dagana á nýjum stað.

Hvað getum við í Dal gert betur?

Halda áfram góðu starfi.

Allt vel gert fannst mér af starfsfólki

Hafa hlýrri og áberandi, velkomin í dag, kveðjur ☺

Standið ykkur nokkuð vel.

Fannst vanta uppá að aðlögunin væri kynnt betur á fyrsta degi, fannst ég eitthvað misskilja þátttökuaðlögun og vera fyrir.

Það gleymist stundum að haka við hvernig börnin borðuðu og hvernig þau sváfu, ekkert stórvægilegt en mætti fara betur.

Mjög sátt

Þið eruð fullkomin eins og þið eruð.

Verið örlítið skipulagðari. Hver starfsmaður hafi sitt fasta hlutverk sem rúllar á milli vikna/mánaða þannig að það þurfi aldrei að ræða hver á að gera hvað. Allir ganga örugglega í sitt verkefni.

Halda áfram að leggja metnaði í að vera góður leiksóli sem tekur vel á móti börnum og foreldrum ☺

Hafa miða á starfsmönnum viku lengur svo að foreldrar sem sækja læri nöfnin ykkar betur.

Alltaf gaman að fá tölvupóst og jafnvel myndir í tölvupósti, þetta gerum við í þessari viku.

Fyrstu dagana máttu kennarar á deildinni koma meira á móti barninu, t.d að koma meira til þess og tala við það og leika.

Hvernig finnst þér þú upplýstur um starfsemi leikskólans/ deildarinnar?

10 Mjög vel

7 Vel

1 Sæmilega

Annað: Skil ekki lýðræðisstefnu ykkar á engan hátt, upplýsingarnar sem eru fyrir hendi eru ekki skiljanlegar. Ekki nógu vel. Kennarar á Rauðu lind mættu vera duglegri við að skrifa dagská dagsins á töfluna, finnst það oft vanta.